

---

# Almennt um SFDR

- Gildissvið: aðilar á fjármálamarkaði:
  - Rekstraraðilar sérhæfðra og verðbréfasjóða
  - Verðbréfafyrirtæki og lánastofnanir sem veita þjónustu á sviði stýringar eignasafns
  - Framleiðandi lífeyrisafurða
- Tekur (að öllum líkindum) gildi á Íslandi 1. júní 2023

- 
- Fyrst og fremst tvenns konar skyldur gagnvart fjármálafyrirtækjum:
    - Birta upplýsingar um hvernig sjálfbærniáætla er felld inn í fjárfestingarákvarðanir
    - Birta upplýsingar um hvort, og þá að hvaða leyti, tekið er tillit til skaðlegra áhrifa á sjálfbærniþætti

---

## Af hverju SFDR ?

- Upplýsingagjöf til endanlegra fjárfesta um hvernig:
  - áhætta tengd sjálfbærni er felld inn,
  - hvernig tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni,
  - um sjálfbær fjárfestingarmarkmið eða
  - um stuðning við umhverfislega eða félagslega þætti í fjárfestingarákvörðunum

.....er ekki nægilega vel þróuð.

---

# Sjálfbærniáhætta

- Sjálfbærniáhætta (ný) áhætta sem taka þarf tillit til við fjárfestingarákvarðanir.
- Hvernig metum við sjálfbærniáhættur?
- Og hvað er sjálfbærniáhætta?
- **Lagaskyldan:**

*„Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta á vefsetrum sínum upplýsingar um stefnur sínar um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanatökufæri þeirra.“*

---

## Sjálfbærniáhætta skilgreining

*„...atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar...“*

---

## Sjálfbærniáhættur - dæmi

- Getur eftirfarandi atburður haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar?
  - öfgar í veðurfari, t.d. banvænar hitabylgjur eða aukin skriðuföll)
  - hækkun sjávarborðs
  - súrnun sjávar eða
  - skortur á fylgni við regluverk

---

# Dæmi um sjálfbærniáhættur

- „Ýsan hverfur ef hafið súrnar meira“
- „Doktor í dýrafræði segir að hækkandi sýrustig sjávar við Íslands stendur komi til með að valda því að hryggleysingar geti ekki myndað skel, sem mun hafa keðjuverkandi áhrif á fiskistofna sem lifa á slíkum dýrum. Þar á meðal er ýsustofninn.“



---

# Dæmi um sjálfbærniáhættur

## Áhættur tengdar loftlagsbreytingum á starfsemi Eikar

Áhrif loftslagsbreytinga á líftíma og ástand fasteigna eru af margvislegum toga og fara áhrifin eftir staðsetningu og tjónnæmi eigna. Út frá staðsetningu eignasafns Eikar er aukin tíðni á rigninga- og leysingafliðum sem og hækkun sjávarstöðu og strandflóð taldir vera áhættuþættir sem gætu valdið fyrirtækinu tjóni. Viðkvæmustu svæðin eru lágsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Aukin tíðni úrhellsirigninga sem og ofsaveðra og foktjón af völdum hvasvæðra og er einnig áhættuþáttur sem taka þarf tillit til, sér í lagi í efri byggðum höfuðborgarsvæðisins. Fylgni hefur einnig verið staðfest á milli aukinnar tíðni myglu og loftslagsbreytinga vegna hærra rakastigs, og búist er við að tíðni myglu innandyrna á köldum svæðum geti aukist um 5-10%. Sá áhættuþáttur á við um eignir óháð staðsetningu.

Áhættustýring miðar að því að lágmarka tjón á fasteignum félagsins af völdum náttúruhamfara, bæði við núverandi aðstæður og einnig ef áhættan breytist með breytingum á veðurfari. Þegar spáð er mikilli úrkomu eða ofsaveðri er sendur póstur á leigutaka og þeir minntir á að ganga úr skugga um að allir gluggar og hurðir séu lokaðir og þeir beðnir um að huga sérstaklega að niðurföllum og svæðum þar sem vatn vill safnast saman. Starfsfólk húsumhyggju Eikar vaktar stöðugt ástand bygginga og bregst við eftir aðstæðum. Við kaup á fasteignum fléttast áhættustýring inn í ítarlega ástandsskoðun þar sem lagt er mat á viðhaldsþörf sem og fjárhagslega greiningu á eign eða eignahlutum.

Náttúruhamfaratrygging Íslands bætir tjón á eignum af völdum jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða að frádreginni eigin áhættu. Óveðurstjón og foktjón sem og tjón af völdum rigninga, asahláku eða snjóþunga eru við viss veðurskilyrði tryggð af tryggingarfélögum.

Önnur áhrif svo sem hnattrænar loftlagsbreytingar, fækkun í liffræðilegum fjölbreytileika og súrnun sjávar hafa áhrif á alla jarðarbúa. Eik fasteignafélag tekur ábyrgð á starfsemi sinni og aðlagast þeim breytingum sem verða á jörðinni af völdum loftslagsbreytinga.





---

# Dæmi um sjálfbærniáhættur

„Áhrif loftslagsbreytinga munu stórauka hættuna sem steðjar að íbúum sveitarfélaga landsins vegna náttúruvár.“

„Aukin flóðahætta, tíðari gróður- og skógareldar, breyting á árfarvegum og aukin skriðuföll eru meðal þeirra þátta sem huga þarf betur að.“

## Samtalið hafið um aðlögun sveitarfélaga að breyttum heimi

Vel sóttur fundur um áherslur sveitarfélaga í aðlögun að loftslagsbreytingum

5.9.2022

Loftslagsbreytingar munu hafa áhrif á íslenskt samfélag og lífríki bæði með beinum og afleiddum hætti og byggja þarf upp þekkingu á því hver möguleg áhrif loftslagsbreytinga gætu orðið á byggðir landsins. Þetta var meðal umræðuefna á fundinum Aðlögun að breyttum heimi – hefjum samtalið, sem haldin var á Grand hóteli í dag.



---


## Sjálfbærniþættir (neikvæð áhrif)

- **Skilgreining:** Umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál, virðing fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mútum.
- **Lagaskyldan:** Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta og uppfæra á vefsetrum sínum ef þeir taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti yfirlýsingu um stefnur um áreiðanleikakönnun að því er varðar þessi áhrif.
- Oft talað um „PAI“ mælikvarða (Principle Adverse Impacts)

---

# Sjálfbærniþættir (neikvæð áhrif)

- Snýst í raun um að upplýsa um þau neikvæðu áhrif sem fjárfestingin gæti haft á sjálfbærniþætti.
  - Hversu mikla CO2 losun hefur fjárfestingin í för með sér?
  - Hversu stór hluti fjárfestinga í vopnaframleiðslu eða
  - í fyrirtækjum sem hafa brotið gegn alþjóðareglum um mannréttindi?
- Hvað þarf að birta:
  - Yfirlit yfir helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti
  - Yfirlit yfir stefnur/dd til að greina og forgangsraða helstu neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti
  - Upplýsingar um „Engagement policies“
  - Tilvísun til alþjóðlegra staðla
  - Sögulegur samanburður



# Contents

<b>1. Summary</b>	<b>3</b>
<b>2. Description of principal adverse sustainability impacts</b>	<b>4</b>
<b>3. Description of policies to identify and prioritise principal adverse impacts on sustainability factors</b>	<b>11</b>
3.1 Methodology to identify and prioritize principal adverse impact	11
3.2 Governance	12
3.3 Data sources	12
<b>4. Engagement policies</b>	<b>14</b>
4.1 Corporate Engagement	14
4.2 Public Policy Engagement	15
4.3 Proxy Voting	15
4.4 Adaption of the policies	16
<b>5. Reference to international standards</b>	<b>18</b>
5.1 Paris Agreement	18
5.2 UN Global Compact, OECD Guidelines for Multinational Enterprises and UN Guiding Principles on Business and Human Rights	19
5.3 Biodiversity	19
5.4 Corporate Governance	20
<b>6. Historical comparison</b>	<b>21</b>
<b>Annex 1: Integration of Principal Adverse Impact in SDG Framework</b>	<b>22</b>

- 
- Samkvæmt frumvarpi til innleiðingar á SFDR mun Seðlabankinn birta reglur um nánari framkvæmd á þessari upplýsingaskyldu fjármálafyrirtækja
  - Þessar reglur tóku gildi í Evrópu 1. janúar 2023

- 
- Þessar tvær greiningar um sjálfbærniáhrættur og sjálfbærniþætti skilgreind sem **tvöföld mikilvægisgreining** (e. double materiality)
  - Mikil áhersla í evrópsku lagaumhverfi.
  - Sambærilegar reglur munu einnig gilda um önnur fyrirtæki en fjármálafyrirtæki þegar CSRD tekur gildi.



---

## Vilhjálmur Þór Svansson

Yfirlögfræðingur Creditinfo Lánstrausts hf.

✉ [vilhjalmur.svansson@creditinfo.com](mailto:vilhjalmur.svansson@creditinfo.com)